

167 unum frá 17. marz þ. á. (A. 5) og kostnaðar þess, er af því-leiðir, og fylgdi hún þóknanlegu 28. júlí. brjefi yðar, herra amtmaður, frá 5. þ. m., vil jeg til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, tjá yður það, er nú segir :

Það, sem umboðsmenn fyrst verða að sjá um, er, að samin verði nákvæm lýsing á landamerkjum sjerhverrar jarðar. Gjöri jeg ráð fyrir, að leiguliðarnir láti í tje þessar lýsingar, og að umboðsmenn á yfirreiðum sínum skoði landamerkin samkvæmt lýsingunum, beri þær saman við merkjalýsingar nábúajarðanna, og ef þær greinir á, reyni að útkljá ágreininginn. Sje það svo að vafasóm landamerki sjeu milli 2 eða fleiri umboðsjarða, ber umboðsmanni að senda amtmanni báðar merkjalýsingarnar með áliti sínu og þeim skilríkjum, er hver leiguliði um sig þykist geta til færð þeim landamerkjum til stuðnings, er hann fylgir fram, og býst jeg við, að amtmaður þar eptir gjöri út um ágreininginn, ef til vill eptir að hafa leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar um málið. Eigi umboðsmaður sjálfur jörð eða jarðir, sem liggja upp að þjóðjörðum, skal setja mann til, ásamt þjóðjarðalandsetunum, að halda fram gagnvart umboðsmanni rjetti landssjóðsins, að því er landamerkin snertir.

Jeg gjöri ráð fyrir, að landsetum þjóðjarða hafi í byggingarbrjefum sínum verið gjört að skyldu, að halda við með öðrum mannvirkjum á jörðunni glöggum landamerkjum. Þar sem það skyldi þykja nauðsynlegt að gjöra af nýju landamerki, býst jeg við að umboðsmaður, ef slíkt verk er meira en, að leiguliði verði að álitast skyldur að framkvæma það á sinn kostnað, leiti á venjulegan hátt styrks úr landssjóði til verksins.

Jeg er yður, herra amtmaður, samdóma um, að umboðsmenn sjálfir verði að bera kostnað þann, er leiðir af yfirreiðum þeirra, og vona, að kostnaður sá, er landssjóðurinn hefir af framkvæmd landamerkjaganna verði sem minnstur. Skyldi umboðsmaður eða þjer, herra amtmaður, álita rjett að höfða mál fyrir hönd landssjóðs til að ljúka landamerkjaprætu, sbr. 7. gr. laganna, býst jeg við að fá um það itarlegar tillögur.

168 29. júlí. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um landshlut og fátækrahlut af flutningshval. — Jafnframt brjefi yðar, herra amtmaður, frá 12. þ. m. meðtók jeg fyrirspurn oddvita hreppsnefndarinnar í Svalbardstrandarhreppi, hvort ekki beri samkvæmt 8. og 10. kapítula rekabálks Jónsbókar að greiða landshlut og fátækrahlut af hval, sem ísinn hafði króað inni á Eyjafirði og sem eptir að hafa verið eltur með byssuskotum og skutlum í 5 sólarhringa innanum ísjakana á firðinum tók sunnudagskvöldið 18. f. m. daudateygjurnar á fjörunum undan tjeðum hreppi og síðan var fluttur þar í land. Þar að auki senduð þjer mjer skýrslu Jakobs verzlunarstjóra Havsteens um þessa veiði, er hann veitti forstöðu, og loksins hafið þjer, með því að verzlunarstjóri þessi er bróðir yðar, beiðzt úrskurðar míns um það, hvort lögsækja beri hann og þá, sem með honum voru, fyrir helgidagsbrot.

Að því er nú fyrst snertir hina síðast nefndu spurningu, þá leyfir 2. grein tilskipunar um sunnu- og helgidagahald frá 28. marz 1855 beinlínis veiðimönnum ekki að eins að bjarga veiðiskap sínum á helgidögum, heldur einnig í fiskileysisárum að róa til fiskjar, og með því að ís, þá er sú veiði, er hjer ræðir um, átti sjer stað, bannaði eða hamlaði sjáfarafrafla á Eyjafirði, get jeg ekki fundið ástæðu til að lögsækja veiðimenn þá, er hjer ræðir um fyrir helgibrot, þó það yrði álitid að veiðin hefði farið fram á sunnudegi þeim, er hvalurinn var fluttur í land, og ekki allt eins mikið á næst undan gengnum dögum, meðan veiðimenn vöktu yfir hvalnum og eltu hann.

Fyrirmælum rekabálks Jónsbókar 8. kap. hefir verið breytt með konungsbrjefi frá 23. júní 1779. Samkvæmt því virðist að eins verða spurning um þriðjungs landshlut af þeim flutningshvólum, sem rekuir eru alveg ómeiddir á land og ekki hafa verið skotnir í sjónum. Þegar aptur á móti skotnir hvalir eru fluttir á land, ber ekki að greiða neinn landshlut af þeim, nema því að eins, að engi eða tún bóndans skemmist af flutningi hvalsins og skurði, og skal þá greiða jarðeiganda til endurgjalds á slíkum skaða áttunda part hvalsins. 168
29. júlí.

Samkvæmt 10. kap. rekabálks Jónsbókar virðist yður, herra amtmaður, að eigi geti verið efi á því, að greiða skuli fátækrahlut af hval, sem veiddur er á helgum degi, en hins vegar ætlið þjer, að ákvörðun þessi sje úr gildi fallin með 14. grein fátækra-reglugjörðarinnar. Hið síðar nefnda álit yðar virðist mjer vafasamt; en sama er um skilning yðar á 10. kap. rekabálks. Mjer virðist nokkur vafi geta verið um það, hvort orðið «fluttur» á þeim stað hafi hina sömu þýðingu og staðið hefði «veiddur» eða «rekinn á land», og kynni ef til vill að vera spurning um, hvort greiða ætti fátækrahlut af meiri hlut hvalsins, en þeim er skorinn væri og fluttur úr fjörinni á helgum degi; en hvað sem því nú líður, verður varla krafinn fullur fátækrahlutur af hval þeim, sem veiddur er eða fluttur fleiri daga í röð, þó síðasti dagurinn sje sunnudagur.

Þetta er tjáð yður til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, og er það vitaskuld, að þeir eru ekki bundnir við álit það, er jeg hef látið í ljósi, en geta krafizt dómsúrslita í málinu.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um vald sýslunefndar með tilliti til uppfreðingar barna. — Með þóknanlegu brjefi yðar herra amtmaður, frá 29. f. m. meðtók jeg álit yðar um áfrýjun sóknarprestisins að Görðum á Álftanesi á úrskurði amtsráðsins í suðurumdæminu frá 11. þ. m., er fellur úr gildi ályktun sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu frá 15. nóvbr. f. á. um, að greiða skuli úr sjóði Bessastaðahrepps 20 kr. kostnað, er leiddi af sjerstakri umsjón með kennslu unglingspilts Ögmundar Gíslasonar, svo að hann yrði feringarfær. 169
1. ágúst.

Áfrýjandinn hefir haldið því fram, að amtsráðið hefði átt að vísa þessu máli frá sjer, þar sem sýslunefnd bæri samkvæmt 38. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 fullnaðarúrskurður á málinu, en þjer hafið þar á móti bent á, að það virðist almenn grundvallarregla, að úrskurðum í sveitarmálum verði að minnsta kosti áfrýjað einu sinni, og með því að fyrsta úrskurðarvald á ágreiningi milli prests og hreppsnefndar um uppfreðslu ungmennis beri undir sýslunefnd samkvæmt 2. lið 14. greinar tilsk. 4. maí 1872, sje það brot á tjeðri grundvallarreglu að láta sýslunefnd hafa fullnaðarvald til að skera úr slíkum málum. En á þessa skoðun yðar, herra amtmaður, get jeg ekki fallizt. Það virðist ekki vera neinn verulegur munur á ályktun hreppsnefndar í máli um uppfóstur og uppeldi barna og í öðrum málum, sem áfrýja má til sýslunefnda samkvæmt 38. grein tilskipunarinnar, og ályktun hreppsnefndarinnar um uppeldi barns, missir ekki þýðingu sem fullnaðarákvörðun af hendi hreppsnefndarinnar, þó hreppsnefndin sje skyld að hlíta ráði sóknarprestis, þangað til fullnaðarúrskurður sýslunefndar fæst um málið. Það er nú hvergi í 14. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar hin minnsta bending um, að amtsráðinu beri nokkur afskipti af slíku máli; þvert á móti er það ástæða á móti slíkum afskiptum, að greinin ekki inniheldur neina ákvöðrun um, hvernig fara skuli með uppeldi þess barns, er ágreiningur er um, meðan á áfrýjuninni til amtráðsins stendur; og er þetta því eptirtektarverðara, sem greinin kvöður á um, hvernig fara eigi að í þessu tilliti þangað til úr-